

# Viðmiðunarreglur um snjómokstur í Reykhólahreppi

## Snjómokstur og hálkueyðing

Markmið með snjómokstri og hálkueyðingu er að minnka þau óþægindi sem snjór og ís valda einstaklingum, fyrirtækjum og skólahlaldi.

Snjómokstri og hálkueyðingu er stjórnað af tveimur aðilum, Reykhólahreppi og Vegagerðinni.

## Utan þéttbýlis

Vegagerðin moka Vestfjarðaveg (60) daglega, Reykhólasveitarveg (607 að Karlseyjarvegi) og Karlseyjarveg (606) fimm sinnum í viku (sunnudaga, mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga).

Vegagerðin í samráði við sveitarstjóra Reykhólahrepps moka helmingamokstur allt að þrisvar í viku: Garpsdalsveg (602), Geiradalsveg (605), Borgarlandsveg (6050) og Reykhólasveitarveg (607 frá Karlseyjarvegi út Reykjanes).

Þessir vegir eru mokaðir samkvæmt samkomulagi við Vegagerðina og sér hún um framkvæmdina.

Komi til að moka þurfi helmingamokstur oftast en þrisvar í viku verður að liggja fyrir samþykki Vegagerðarinnar á greiðslu helmings kostnaðar á móti Reykhólahreppi. Vegagerðin sér um þann mokstur að höfðu samráði við sveitarstjóra.

Að auki skal miða við að moka akstursleiðir skólabíla samkvæmt samningum og er þá ekki um að ræða annan heimreiðarmokstur.

Heimreiðar að bæjum þar sem er föst búseta eru mokaðar án endurgjalds tvisvar á almanaksárinu og skulu ábúendur hafa samband við sveitarstjóra sé moksturs óskað.

Að öðru leyti eru heimreiðar að bæjum mokaðar gegn greiðslu sem nemur einni klukkustund (maður + vél + skattur, gjald er mismunandi eftir tækjum).

## Þéttbýlið Reykhólar

Vegagerðin sér um mokstur Karlseyjarveg (606) en Reykhólahreppur sér um annan snjómokstur gatna á Reykhólum og aðkomuleiða/bílastæða við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð, Reykhólaskóla, Slökkvístöðina og Stjórnsýsluhúsið.

Mokstur vegna öryrkja og aldraðra er aðeins framkvæmdur samkvæmt beiðni félagsþjónustunnar.

Reynt er að lágmarka umferð snjómoksturstækja við skóla á helstu ferðatímum barna til og frá skóla.

Reykhólahreppur greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs sem til hefur verið stofnað án hans samþykkis, að því undanskildu ef beiðni um mokstur kemur frá lögreglu, slökkviliði, lækni eða sjúkraflutningsmönnum vegna neyðarflutninga, og skal þá sinna því strax. Framantöldum er heimilt að kalla út tæki án samþykkis sveitarstjóra.

Reglur þessar taka gildir við samþykkt sveitarstjórnar.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir, sveitarstjóri.

*Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Reykhólahrepps 11. febrúar 2016.*